

SAMKOMULAG

Vegna lagningar jarðstrengja

Undirritaður eigandi/eigendur lands _____, landnúmer _____, og Eyja- og Miklaholtshreppur Kt 690894-2469 gera með sér eftirfarandi samkomulag.

1. Eyja- og Miklaholtshreppur er heimilt að leggja eða láta leggja jarðstrengi í landi mínu samkvæmt uppdrætti af strengleiðinni, sem er fylgiskjal með samkomulagi þessu.
2. Eyja- og Miklaholtshreppur skal hafa aðgang að jarðstrengjunum og spennistöðvunum í landi jarðarinnar bæði vegna endurnýjunar, lagningar, viðhalds og venjulegs eftirlits í samráði við landeiganda.
3. Að jarðstrengslögnum loknum merkir Eyja- og Miklaholtshreppur þær með þar til gerðum hælum í samráði við landeiganda.
4. Verði breyting á eignarhaldi dreifikerfisins fylgja réttindi Eyja- og Miklaholtshrepps í þessu samkomulagi dreifikerfinu.
5. Heimild fyrir legu strengja á lagnaleiðinni er ótímabundin, en verði strengirnir fyrir í nýju deiliskipulagi í landinu skuldbindur Eyja- og Miklaholtshreppur sig til að kosta færslu á strengjunum og aðlaga legu þeirra að nýju deiliskipulagi. Einnig mun Eyja- og Miklaholtshreppur bera kostnað af nauðsynlegum aðgerðum við strengina vegna annarra verklegra athafna landeiganda í námunda við strengina s.s. framræsingu lands og dýpkun skurða.
6. Verði spjöll á mannvirkjum, svo sem ræktun, girðingum, skurðum o.s.frv. við lagningu, eftirlit eða viðhald jarðstrengjanna mun Eyja- og Miklaholtshreppur bæta landeiganda slík tjón.
7. Til að tryggja eins og frekast er unnt að ekki verði tjón á strengjunum skal landeigandi hafa samband við Eyja- og Miklaholtshrepp áður en farið er í hverskonar jarðrask í námunda við strengina.
8. Rísi mál út af samkomulagi þessu skal reka það fyrir Héraðsdómi Vesturlands.
9. Eyja- og Miklaholtshreppur greiðir kostnað við þinglýsingu á samkomulagi þessu og stimpilgjöldum.
10. Af samkomulagi þessu eru gerð þrjú samrit, eitt handa hverjum aðila og eitt í þinglýsingu.

Staður og dags. _____

Landeigandi/Landeigendur:

F.h. Eyja- og Miklaholtshrepps.

_____ kt. _____

_____ kt. _____

_____ kt. _____

_____ kt. _____

_____ kt. _____

Vottar að rétttri dags. og undirritun

_____ kt. _____

_____ kt. _____